



Framkvæmdaefirlit hjá Rangá í Hróarstungu, Múlaþingi



Rannveig Þórhallsdóttir
2022

Forsíðumynd: Horft til vesturs yfir heimagrafreit og íbúðarhús að Rangá. Undir íbúðarhúsinu eru fornar grafir.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir HEF (Hítaveitu Egilsstaða og Fella)
Maí 2022

Efnisyfirlit

GRUNNUPPLÝSINGAR RANNSÓKNARINNAR.....	4
ABSTRACT	5
INNGANGUR	5
FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ.....	6
MARKMIÐ	6
SAGA RANGÁR OG MINJAR NÁLÆGT LAGNALEIÐINI	7
FRAMKVÆMDAEFTIRLITIÐ	8
NIÐURSTÖÐUR.....	9
HEIMILDIR.....	11

Grunnupplýsingar rannsóknarinnar

Rannsóknarnúmer: 202106-0126.

Safnnúmer Þjóðminjasafns: 2021-44.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur):

Tegund rannsóknar: Könnunarskurður vegna lagningar ljósleiðara að Rangá, Hróarstungu, Múlapingi.


Staðsetning: Rangá, Hróarstungu, nú Múlapingi.

GPS hnit: ISN93: A 713037, N 547509.

Rannsóknartími: 01.07.2021

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir f.h. Sagnabrunns ehf.

Fjöldi starfsmanna: Tveir fornleifafræðingar.



Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu merkt inn með rauðu flaggi.

Abstract

The research place is at Rangá 1 in Hróarstunga, Múlaþing, where 10 graves from the middle ages were found 2006 at a basement of a farm. A shallow test-pit was taken east of the farm where the route of optical fibre was planned, with the aim to check out if there were any archaeological remains were on the route. The ten graves that were found in 2006 in the basement of the farm at Rangá 1 were found in at least 0,60-1 m deeper than the surface on the east of the house. A 60 cm wide, 50 cm deep and 3 m long test-pit was excavated. In the test-pit was mostly gravel, but also disturbed trash pit from the 20th century. Conclusion: No archaeological remains were found at the test-pit east of the farm at Rangá 1. Therefore the optical fibre was connected by that route.

Inngangur

Sagnabrunnur ehf. tók að sér að framkvæmdaefirlit á minjum fyrir HEF vegna lagningar ljósleiðara. Áður hafði farið fram fornleifaskráning á svæðinu¹ og fornleifarannsókn árið 2006.² Við skipulagningu og framkvæmd vegna lagningar ljósleiðara unnu einnig Skarphédinn Smári Þórhallsson, landfræðingur hjá Logg ehf. og Bogi Kárason og Björgvin Friðriksson hjá Verkráð ehf. Fulltrúi verkkaupa var Aðalsteinn Þórhallsson. Framkvæmdaefirlitið fór fram 1. júlí 2021. Rannsóknin fékk númerið 202106-00126 hjá Minjastofnun Íslands og safnnúmerið 2021-44 hjá Þjóðminjasafni Íslands.

¹ Rannveig Þórhallsdóttir. „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Hróarstunga og Hjaltastaðaþinghá.“ Sagnabrunnur ehf.;

² Inga Sóley Kristjónudóttir. (2007). „Grafreitir á Rangá í Fljótaldalshéraði.“ Fornleifavernd ríkisins. 2007:1.

Við framkvæmdaefirlitið unnu tveir fornleifafræðingar, Rannveig Þórhallsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir. Einn gröfumaður hjá ÞS verktökum vann við framkvæmdina. Sandra Sif Einarsdóttir, forvörður, hjá Þjóðminjasafni Íslands var tengiliður rannsóknarinnar varðandi forvörslu ef gripir skyldu finnast við rannsóknina.



Mynd 1. Á myndinni má sjá merkt inn áætlaða línulögn austan við Rangá í Hróarstungu.

Framkvæmdasvæðið

Framkvæmdaefirlitið fór fram á um 3 m löngu svæði austan við bæinn Rangá 1 í Hróarstungu, nú Múlaþingi. Á mynd 1 má sjá áætlaða lagnaleið.

Markmið

Markmið rannsóknarinnar var að gæta að varðveislu fornleifa austan við bæinn Rangá 1, þar sem heimildir voru um að grafir frá miðöldum hefðu fundist. Því var framkvæmdaefirlit haft með lagningu ljósleiðara að bænum.

Saga Rangár og minjar nálægt lagnaleiðinni

Bæjarins er getið í Droplaugarsona sögu og árinna sem bærinn dregur nafn af í Hrafnkels sögu Freysgoða og Fljótsdælu. Talið er að bænhús hafi verið á Rangá fyrr á öldum og jörðin var nefnd í sölubréfi Hafrafellstungu árið 1491. Nústandandi íbúðarhús að



Mynd 2. Horft yfir svæðið áður en framkvæmdir hófust við lagningu ljósleiðara autan við Rangá 1.

Rangá 1 var byggt árið 1907 og nýbýlið Rangá 2 stofnað árið 1947 á helmingi jarðarinnar. Á Rangá eru 35 þekktar minjar. Ferja var á litlum tanga út í fljótið sem nefnist Ferjubakki (NM-082:006) og er neðan við Silungatjörn. Rangárvað (NM-082:005) er þar hjá. Stíflugarður (NM-082:024) er í um 30 m löngum skurði sem er í Mógarði, frá Ytrakýl að Fremragróf. Á Mógarði, skammt utan við Stífluker, eru leifar af heystæði (NM-082:025), nú ógreinilegar. Vörslugarðabrot eru bæði í túni og víða á landamörkum. Gerðar voru miklar áveitur á tún og engjar um 1890-1900 og þegar *Sveitir og jarðir* var rituð sáust enn stíflugarðar og skurðir, sem voru alls um 3 km. Hallur Einarsson byggði stóran bæ í Marbælisstíl að Rangá um 1880. Honum er lýst í Austfirðingapáttum Gísla Helgasonar, Skógargerði. Bærinn var 3 hús, hlið við hlið og sneri hlið austur á hlað. Langhúsið var rífið 1907 og eldhúsið 1948. Að bænum stóðu 5 kringlóttar hlöður með toppþaki, 2 af þeim stóðu enn þegar *Sveitir og jarðir* voru rituð. Komið var upp heimagrafreit að bænum árið 1893. Að bænum var steipt fjárbaðker árið 1912 og vatnsleiðsla upp úr aldamótunum 1900. Búinn var til skrudgarður um kringum árið 1920 að bænum. Þegar grafið var fyrir íbúðarhúsinu árið 1907 var komið niður á fornan grafreit. Svæðið sem um ræðir var í melnum fram og niður af Rangá. Þar hafði verið grafinn maður, hundur og hestur (jafnvel tveir hestar) og járngripur. Einnig voru perlur að blása upp í áranna rás sem týndust síðar. Þær fundust út og niður frá Rangá. Árið 1915 voru nokkrir gripir sendir Þjóðminjasafninu frá Rangá. Reyndust gripirnir vera járnketill, skeljabrot og þrjú brot úr kambi. Í *Sveitum og jörðum* segir einnig að spjót hafi fundist að Rangá kringum 1950 og að það hafi farið á Þjóðminjasafnið. Þarna var líklega um nokkur kuml að ræða, bæði karl- og kvenkuml. Þau svæði þar sem gripirnir og beinin fundust voru aldrei rannsökuð af

fornleifafræðingi og því er fundarsamhengi ekki fyllilega ljóst, en hugsanlega leynast fleiri minjar í jörðu frá víkingatíð að bænum.

Eyðibýli eru tvö í landinu: Miðhús er miðja vega á milli Rangár og Bótar. Þar eru rústir af allstórum bæ og garðalög. Rangársel er á Selhliðarbrún norður frá bæ. Rústir þar benda þó fremur til sels eða fjárhúsa en bæjar. Þar eru engin garðalög. Beitarhús voru skammt inn og upp af Miðhúsum til 1950.³

Eins og kom fram hér áður fundust árið 2006 tíu grafir frá miðöldum⁴ að Rangá 1 þegar grafið var niður í kjallara hússins og því þótti ástæða til að hafa framkvæmdaefirlit við tengingu ljósleiðara inn í hús.⁵

Framkvæmdaefirlitið

Haft var framkvæmdaefirlit vegna lagningu ljósleiðara austan við Rangá 1 og var farið á vettvang þann 1. júlí 2021 í mjög góðu veðri. Ákveðið var að grafa eins grunnt og unnt væri til að raska ekki grafarró þeirra sem vitað var að hvíldu undir íbúðarhúsinu. Grafirnar sem fundust árið 2006 lágu um það bil 0,6-1 m dýpra en



Mynd 3. Skýrsluhöfundur mælir niðurgröft og skoðar stórgripabein úr ruslalagi undir möl. Horft til suðurs og ofan í rás eða lítinn skurð sem var grafinn austan við Rangá 1.

yfirborðið að austan hjá húsinu utanverðu. Vélgrafin var 50 cm djúp, 3 m löng og um 0,6 m breið rás fyrir ljósleiðara austan við íbúðarhúsið að Rangá 1. Í yfirborðinu var möl og undir henni var ruslaga frá 20. öldinni, s.s. gler, dýrabein og plast. Engir gripir voru varðveittir enda töldust þeir ekki vera fornleifar. Grafirnar sem fundust í kjallaranum undir Rangá 1 árið 2006 voru á niðurgröfnu svæði sem lá mun neðar en rásin sem grafin var austan við bæinn vegna

³ Adolf Friðriksson og Ragnar Edvardsson. (2001) „Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka.“ Fornleifastofnun Íslands. FS135a-00061, bls. 13; Ármann Halldórsson, 1974. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, bls. 360-362; Hjörleifur Guttormsson. (2008). *Úthérað, ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði*. Ferðafélag Íslands, árbók, bls. 224-225; Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*, bls. 223-224; Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). „Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Svæðisskráning.“ Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík, bls. 17; IF XI, 168 og DI VI, 760-762; Örnefnaskrá Rangár.

⁴ Inga Sóley Kristjónudóttir. (2007). „Grafreitur á Rangá í Fljótsdalshéraði.“ Fornleifavernd ríkisins. 2007:1.

⁵ Inga Sóley Kristjónudóttir. (2007). „Grafreitur á Rangá í Fljótsdalshéraði.“ Fornleifavernd ríkisins. 2007:1.

ljósleiðara. Þar sem ljósleiðari fór ekki neðar en 50 cm frá yfirborði taldist óhætt að leggja hann að bænum án þess að fornleifar yrðu fyrir hnjaski.

Niðurstöður

Engar fornleifar fundust á vettvangi við framkvæmdaefirlitið og er niðurstaða þess að óhætt var að leggja ljósleiðara í skurð sem grafinn var austan við húsið. Ljósleiðari var því lagður í rör í skurðinum og að því loknu var mokað yfir rörið og gengið frá mölinni aftur á yfirborðinu.

Skurðurinn var mældur inn í Isnet og mæligögnum verður skilað til Minjastofnunar Íslands. Það er þó

ákvörðun Minjastofnunar Íslands með hvaða hætti varðveislu eða frekari rannsóknum skuli vera háttað.



Mynd 4. Ruslaga frá 20. öld undir möl austan við Rangá 1.



Mynd 5. Loftmynd af Rangá 1. Uppmæld rás er mæld inn með rauðu ef vel er að gáð.

Heimildir

Adolf Friðriksson (ritstj.). (2001). „Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka.“ FS135a-00061, Skýrslur FSÍ um umhverfismat. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, Búnaðarsamband

Hjörleifur Guttormsson. (2008). *Úthérað, ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði*. Ferðafélag Íslands, árbók.

Inga Sóley Kristjónudóttir. (2007). „Grafreitur á Rangá í Fljótsdalshéraði.“ Fornleifavernd ríkisins. 2007:1.

Íslenskt fornbréfasafn, VII. (1903-1907). Hið íslenska bókmenntafélag. Rkv.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Þjóðminjasafn Íslands o.fl.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Ólafur Olavíus. (1965). *Ferðabók* (II. bindi). Steindór Steindórsson frá Hlöðum íslenskaði, Bókafellsútgáfan, Reykavík.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). „Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Greinargerð um svæðisskráningu.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS072-98081.

Rannveig Þórhallsdóttir. „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Hróarstunga og Hjaltastaðahá.“ Sagnabrunnur ehf.

Túnakort (1919-1920) fyrir Rangá í Hróarstungu.

Örnefnastofnun. (1972). *Skrá yfir örnefni að Rangá í Hróarstungu*

Fylgiskjal 1. Yfirlit yfir ljósmyndir teknar á vettvangi að Rangá.



IMG_5550.JPG



IMG_5551.JPG



IMG_5552.JPG



IMG_5553.JPG



IMG_5554.JPG



IMG_5555.JPG



IMG_5523.JPG



IMG_5524.JPG



IMG_5525.JPG



IMG_5526.JPG



IMG_5527.JPG



IMG_5528.JPG



IMG_5529.JPG



IMG_5530.JPG



IMG_5531.JPG



IMG_5532.JPG



IMG_5533.JPG



IMG_5534.JPG



IMG_5535.JPG



IMG_5536.JPG



IMG_5537.JPG



IMG_5538.JPG



IMG_5538.png



IMG_5539.JPG



IMG_5540.JPG



IMG_5541.JPG



IMG_5542.JPG



IMG_5543.JPG



IMG_5544.JPG



IMG_5545.JPG



IMG_5546.JPG



IMG_5547.JPG



IMG_5548.JPG



IMG_5549.JPG

Fylgiskjal 2. Ljósmyndaskrá.

Mynd Nr.	Mynd ID.	Svæði	Jarðlag nr.	Jarðlaga tegund	Mannvirki nr.	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning	Myndavél
5523						Rangá 1, horft vestur að íbúðarhúsi	V	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5524						Rangá 1, horft yfir svæðið þar sem leggja átti ljósleiðara	S	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5525						Rangá 1, horft norðvestur að íbúðarhúsi	NV	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5526						Rangá 1, horft norðvestur að íbúðarhúsi	NV	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5527						Rangá 1, horft norður að íbúðarhúsi	N	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5528						Rangá 1, horft norður að íbúðarhúsi	N	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5529						Hænsnakofi fyrir vestan íbúðarhús, leifar af torfbæ	V	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5530						Torfhleðsla undir hænsnaneti vestan við íb. h. að Rangá 1.	V	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5531						Rangá 1, horft til SV.	SV	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5532						Torfhleðsla undir hænsnaneti vestan við íb. h. að Rangá 1.	V	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5533						Torfhleðsla undir hænsnaneti vestan við íb. h. að Rangá 1.	V	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5534						Torfhleðsla undir hænsnaneti vestan við íb. h. að Rangá 1.	V	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5535						Hænsnakofi fyrir vestan íbúðarhús, leifar af torfbæ	NV	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5536						Rangá 1, horft NA að íbúðarhúsi	NA	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5537						Rangá 1 og heimagrafritur, horft NV að bæ	NV	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5538						Rangá 1 og heimagrafritur, horft NV að bæ	NV	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5539						Rangá 1, horft NV að bæ	NV	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5540						Garðurinn S við íbúðarhúsið að Rangá 1	N	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5541						Horft til A að Rangá 2	A	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5542						Próstur grófumaður og Ragnheiður Traustadóttir á vettvangi	SA	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5543						Próstur grófumaður og Ragnheiður Traustadóttir á vettvangi	SA	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5544						Próstur, Ragnheiður, ábúandi og Grímur (sonur Rannveigar)	A	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5545						Rannveig við framkvæmdaefirlit	SA	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5546						Rannveig og Ragnheiður við framkvæmdaefirlit	SA	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5547						Rannveig og Ragnheiður við framkvæmdaefirlit	SA	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5548						Rannveig mælir niðurgröft og skoðar dýrabein úr ruslalagi.	S	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5549						Dýrabein úr ruslalagi.	S	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5550						Dýrabein úr ruslalagi.	S	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5551						Ruslalagi frá 20. öldinni.	A	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5552						Ruslalagi frá 20. öldinni.	S	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5553						Ruslalagi frá 20. öldinni.	S	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5554						Ruslalagi frá 20. öldinni.	S	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d
5555						Ruslalagi frá 20. öldinni.	S	RP	1.7.2021	Canon EOS 25d